

HAMPIÐJAN 2017

ÁRSSKÝRSLA



HAMPIÐJAN 2017



HLUTHAFAR

Viðskipti eru með blutabréf Hampiðjunnar á samnorræna blutabréfamarkaðnum Nasdaq First North.

STJÓRN

Stjórn Hampiðjunnar kjörin á aðalfundi 31. mars 2017:



*Vilbjálmur
Vilbjálmsson,
formaður*



*Kristján
Loftsson*



*Auður Kristín
Arnadóttir*



*Sigrún
Þorleifsdóttir*



*Guðmundur
Ásgeirsson*

STJÓRNENDUR



*Hjörtur Erlendsson
Forstjóri*



*Emil Viðar Eybórsson
Fjármálastjóri*



*Árni Skúlason
Veidarfæri
Framleiðslustjóri*



*Guðmundur
Gunnarsson
Veidarfæraþróun
Þróunarstjóri*



*Jón Atli
Magnússon
Vöruþróunarstjóri*



*Ingi Þórðarson
Veidarfæraefni
Sölu- og markaðsstjóri*



*Jón Oddur
Davíðsson
Hampiðjan Ísland
Sölu- og markaðsstjóri*



*Davíð Waage
Oliuönaður
Sölu- og markaðsstjóri*




ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2017

EFNISYFIRLIT

5	S tarfsemin
15	Á rsreikningur 2017:
16	Skýrsla stjórnar og forstjóra
17	Áritun endurskoðenda
19	Rekstrarreikningur
19	Yfirlit um heildarafkomu
20	Efnahagsreikningur
21	Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
22	Sjóðstreymi
23	Skýringar

SKIPURIT SAMSTÆÐU HAMPIDJUNNAR



SALA OG AFKOMA

Liðið ár var afar gott fyrir Hampiðjuna en það var annað heila starfsárið eftir kaupin á fyrirtækjasamstæðunni P/f Von í Færeyjum.

Sala samstæðunnar jókst um 8,4% og EBITDA um 11,8%. Efnahagsreikningurinn minnkaði við sölu fjárfestingareigna og niðurgreiðslu skulda og eiginfjárhlutfall hækkaði í 55%.

Á árinu var lokið við sölu hlutabréfanna í HB Granda en sú sala var til að fjármagna kaupin á P/f Von eins og ráðgert var. Hlutabréfin hafa hækkað mikið frá því að Hampiðjan keypti þau við stofnun HB Granda og innleysti Hampiðjan því mikinn hagnað við sölu bréfanna.

Hagnaður Hampiðjunnar hefur því aldrei verið meiri í sögu fyrir-

tækisins og fer þar saman hagstæð rekstrarafkoma og mikill söluhagnaður hlutabréfanna.

Samþætting við Von hefur gengið vel og samlegðaráhrif eru farin að koma fram þótt töluvert sé enn að sækja enda gert ráð fyrir því að það taki um 3 ár að ná fram fullum samlegðaráhrifum. Samhliða samþættingunni hefur rekstur Von samstæðunnar verið styrktur með stækkun á netaverkstæðinu í Siauliai í Litháen úr 4.000 m² í 10.000 m² og á árinu 2018 verður lokið við byggingu á nýjum höfuðstöðvum Vonarinnar í Fuglafirði í Færeyjum ásamt stóru og myndarlegu netaverkstæði og lager.

Til að anna aukinni þörf fyrir veiðarfæraefni og fiskeldisnet í kjölfar kaupanna á Von þá hefur verið fjárfest í auknum vélakosti hjá Hampiðjan Baltic í Litháen og afkastagetan eykst töluvert þegar líður á þetta ár bæði í ofurtógi og netum.

STARFSEMIN

Á árinu var gengið frá kaupum á 68% af hlutafé Voot Beitu ehf. og fluttist rekstur félagsins til höfuðstöðva Hampiðjunnar í kjölfarið og velta félagsins og hagnaður telst með frá byrjun júlí. Afar vel hefur gengið að útfæra samstarfið og ná fram hagræðingu í lagarhaldi og þjónustu. Vaxtarmöguleikar Voot Beitu eru miklir innan Hampiðjunnar á næstu árum enda hentar vöruúrval fyrirtækisins vel öðrum fyrirtækjum í samstæðunni.

Með tilkomu Voot Beitu í fyrirtækjasamstæðu Hampiðjunnar þá eykst aftur hlutdeild sölu á Íslandi og eru nú 13% af sölutekjunum innanlands og þá 87% erlendis.

Hækkun á olíuverði hefur ekki leitt til mikillar aukningar á sölu ofurtóga til olfuiðnaðar en hins vegar hefur sala gengið ágætlega á ofurtögum til djúpsjárverkefna og ofurstroffum til uppsetningar á vindmyllum á hafi úti.



Bás Hampiðjunnar á ICEFISH 2017

Lykiltölur rekstrarreikningsins eru eftirfarandi:

- Rekstrartekjur voru 126,9 m€ og jukust um 8,4% frá fyrra ári úr 117,1 m€.
- EBITDA af reglulegri starfsemi var 16,5 m€ en 14,7 m€ árið áður.
- Innleystur söluhagnaður vegna sölu hlutabréfa í HB Granda var 16 m€ en 4,3 m€ árið áður.
- Hagnaður var 24,8 m€ en var 14,3 m€ árið áður

Heildareignir voru 186,9 m€ og hafa lækkað úr 194,4 m€ í árslok 2014. Lækkunina má rekja til sölu á fjárfestingareignum og niðurgreiðslu skulda á móti.

Vaxtaberandi skuldir námu í árslok 64,1 m€ og lækkuðu um 17,3 m€ frá ársbyrjun. Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé námu 51,1 m€ en voru 73,6 m€ og hafa því lækkað um 22,6 m€.

Eigið fé nam 102,3 m€, en af þeirri upphæð eru 11,3 m€ hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er meðtalin, var í árslok 55% af heildareignum samstæðunnar samanborið við 48% árið 2016.



Creditinfo veitti Hampiðjuni sérstök verðlaun fyrir nýsköpun í rótgrónu fyrirtæki 2017.

REKSTUR FÉLAGA SAMSTÆÐUNNAR

Móðurfélagið, Hampiðjan hf.
Starfsemi móðurfélagsins skiptist nú í þrjá meginþætti:

- Að starfrækja netaverkstæði að Skarfagörðum og í Vestmannaeyjum sem framleiða, selja og þjónusta fullbúin tog- og nótaveiðarfæri ásamt því að selja íhluti í þau. Gloríu flottroll vega þyngst í sölnni og eru þau í Norður-Atlantshafi notuð til veiða á úthafskarfa, síld, makríl, kol-
- Að selja vörur Hampiðjan Baltic í Litháen til fyrirtækja innan samstæðunnar og utan. Stærsti markaðurinn fyrir vörur verksmiðjunnar er sjávarútvegur, bæði veiðarfæragerðir og útgerðir, en aðrir markaðir eru vaxandi og vegur sala á ofurtógi fyrir olíuiðnað þar



Glatt á hjalla við opnun stækkunar á Vönin Lithuania



STARFSEMIN

þyngst ásamt sérhönnuðu ofurtógi á djúpsjárvarvindur.

- Að hafa yfirumsjón með rekstri samstæðunnar. Auk móðurfélagsins voru í lok ársins fimmtán dótturfyrirtæki sem sinna veiðarfæra-gerð, eitt er framleiðir net, kaðla og ofurtóg í Litháen, fimm fyrirtæki sem sinna mest endursölu og smásölu, fyrirtæki í Noregi sem sinnir ferjuþjónustu og að síðustu eignarhaldsfélag á Cayman eyjum sem á einkaleyfi á þantækninni í veiðarfærum og að auki þrjú eignarhaldsfélög og því eru samtals 27 fyrirtæki í samstæðunni.

Rekstur fyrirtækja innan samstæðu Hampiðjunnar gekk prýðilega á árinu og rekstrarskilyrði voru hagstæð að undanskildu sjómannaverkfallinu hér á Íslandi. Engu að síður jókst sala hér á Íslandi yfir árið en framlegðin minnkaði vegna verkfallsins og hækkandi launa.

Meðalfjöldi starfsmanna Hampiðjunnar var 967 en á árinu áður 911. Á Íslandi voru 74 starfsmenn og



Stækkun Vónin Lithuania um 6.000m²

þar af hjá móðurfélaginu 45 en árið áður 46.



Hampidjan Baltic í Siauliai í Litháen

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er í fullri eigu hennar. Það er að uppistöðu til kaðla- og

netaverksmiðja sem frá stofnun Hampiðjunnar var til húsa að Stakkholti en var á tíunda áratug síðustu aldar flutt að Bíldshöfða og að hluta til Pombal í Portúgal. Framleiðslan var síðan sameinuð aftur í Siauliai í Litháen árin 2004 og 2005 og þá með danskri rótgróinni netahnýtingarverksmiðju sem sérhæfði sig í nylönnetum, Utzon, sem var þá nýflutt frá Fredericia á Jótlandi til Litháen.

Fyrirtækið framleiðir trollnet, flottrollskaðla, ýmsar gerðir kaðla og ofurtóg mest fyrir sjávarútveg og olíuiðnað en einnig til ýmissar annarrar notkunar.



Stjórn Hampiðjunnar, ásamt lykilstarfsmönnum Hampiðjan Group.




Ruta Solovjova framkvæmdastjóri Vónin Lithuania í góðum félagsskap.

Netaverkstæði Hampiðjan Baltic, sem hefur forunnið veiðarfæri fyrir önnur fyrirtæki innan samstæðunnar, var á haustmánuðum flutt til Vónin Lithuania sem einnig er staðsett í Siauliai og sameinað í eitt stórt netaverkstæði. Um 30 starfsmenn fluttust á milli fyrirtækjanna í kjölfar fyrrgreindrar stækkunar og mun þessi sameining auka framleiðslugetu og sveigjanleika í veiðarfæragerð ásamt því að stuðla að aukinni hagkvæmni. Eftirspurn eftir vörum Hampiðj-

an Baltic var mikil á árinu, sérstaklega í netum og ýmsum vörum úr ofurefnum. Framleiðslugetan seinni hluta ársins var takmörkunum háð og þá aðallega vegna þess að það tók tíma að fjölga starfsfólki til að nýta vélakostinn betur.


Ársverkum fjölgaði þrátt fyrir að starfsmenn flyttust til Vónin Lithuania og voru þau 366 en árið á undan voru ársverkin 329.




Swan Net Gundry í Killybegs á Írlandi


Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar, sem á 56% af hlutafélagisins. Það starfar á veiðar-

Rekstrartekjur samstæðu í m€.



Rekstrarhagnaður EBITDA í m€.





STARFSEMIN

staðsett í Gloucester rétt norðan Boston á austurströnd Bandaríkjanna.

Á árinu byggði Swan Net Gundry tvö hús sem lokið var við á haustmánuðum. Annað nálægt höfuðstöðvunum í Killybegs en sú bygging er fyrir útgerðavörverslun og björgunarbúnaðarþjónustu. Undanfarin ár hefur þessi hluti rekstursins farið vaxandi og þörf var á að byggja nýja aðstöðu til að sinna betur þeim þætti.




Skaidre lagerstjóri Hampidjan Baltic ásamt Vaidilute sölustjóra veiðarfæra, Söndru mannauðsstjóra, Virginiju flutningastjóra og Egle fjármálastjóra.

færamörkuðum á Írlandi, Skotlandi, Hjaltlandseyjum og á austurströnd Bandaríkjanna. Framsal aflaheimilda er ekki leyft á Írlandi og botnfiskiskipaflotinn er of stór miðað við núverandi aflaheimildir. Aflaheimildir skoskra fiskiskipa er stunda uppsjárveiðar eru rýmri og afkoma þeirra betri þó skipin séu bara í notkun fáa mánuði á ári. Félagið á tvö dótturfélög í rekstri, Costal Cages sem sinnir fiskeldi og sportnetum á Írlandi en hitt er veiðarfæragerðin Swan Net East Coast Services




Ný verslun Swan Net Gundry í Killybegs á Írlandi.

Fjárliðir og hlutdeildarafkoma samtals í m€.



Hagnaður (tap) í m€.





Nýtt netaverkstæði Swan Net Gundry í Leirvík á Hjaltlandseyjum.



Evelyn Kierans ásamt meðeigendum okkar, Seamus Melly og John Back við víslu netaverkstæðis Swan Net Gundry á Hjaltlandseyjum

Hin byggingin er fyrir netaverkstæði í Leirvík á Hjaltlandseyjum. Með nýrri aðstöðu á Hjaltlandseyjum er hægt að veita veiðarfæraþjónustu allt árið ásamt því að selja ýmsar vörur til útgerðar og vinnslu. Áður var þjónustan stopul og netagerðarmenn sendir á staðinn þegar á þurfti að halda.

Rekstur félagsins gekk afar vel á árinu og salan jókst enn og aftur frá árinu þar á undan sem þó var besta ár fyrirtækisins til þessa. Hagnaður var einnig meiri en á árinu á undan. Hjá Swan Net voru unnin 69 ársverk en þau voru 68 árið áður.





Cosmos Trawl í Hirtshals á Jótlandi, Danmörku.

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og alfarið í eigu hennar. Það sinnir jöfnum höndum flottrollum, nótum, rækju- og botntrollum og fiskeldi, mest fyrir viðskiptamenn í Danmörku, Noregi, Finnlandi og

Svíþjóð. Einnig hefur félagið náð árangri í sölu veiðarfæra til Vestur-Afríku og til Austur-Rússlands.

Í byrjun ársins var eignarhald Strandby Net flutt frá Von til Cosmos til að ná fram samlegðaráhrifum í Danmörku. Cosmos rekur nú 4 netaverkstæði sem eru í Hirtshals, Skagen, Thyborøn og Strandby.

Unnin ársverk hjá Cosmos voru 90 talsins og fjölgaði um 24 frá árinu áður og er það að mestu tilkomið vegna tilflutnings Strandby Net.





STARFSEMIN




Swan Net USA í Seattle í Bandaríkjunum.

Félagið er dótturfélag Hampiðjan USA sem er í 100% eigu Hampiðjunnar og sem er nú eignarhaldsfélag Swan Net USA með 65% eignarhlut á móti einum af stofndum fyrirtækisins eftir að Hampiðjan keypti meirihlutann í sumarbyrjun 2014.

Swan Net USA í Seattle hefur verið eitt stærsta netaverkstæði Bandaríkjanna og þjónar það aðallega uppsjávarflotanum sem gerður er út frá Seattle og Dutch Harbor í Alaska og sem veidir m.a. alaskaufsa. Starfsstöðvar Swan Net USA eru tvær, höfuðstöðvar í Seattle og þjónustustöð í Dutch Harbor á Aleutian eyjunum nyrst við Kyrrahafið, en eyjaröðin skilur að Kyrrahaf



Pungalyfting með Dynlce lyftistöfðu.





Fjarðanet á Norðfirði

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar, sem á 51% hlutfjár en aðrir helstu hluthafar eru Síldarvinnslan á Neskaupstað og Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði. Fjarðanet hefur starfsstöðvar á

Norðfirði, Reyðarfirði, Akureyri og Ísafirði og sinnir á þeim stöðum uppsetningu og viðhaldi allra gerða veiðarfæra ásamt því að reka þjónustu fyrir björgunarbúnað skipa og sinna þvotti á fiskeldiskvíum.

Salan jókst um rúm 4% frá fyrra ári en þrátt fyrir það varð lítilsháttar tap af starfseminni sem má rekja til sjómannaverkfallsins fyrstu tvo mánuði ársins. Hjá félaginu voru unnin 34 ársverk sem er aukning um 8 frá árinu áður.



og Beringshaf. Meginstarfsemi félagsins hefur verið sala og viðhald á veiðarfærum útgerða sem veiða ufsa í Beringshafinu.

Sameinað fyrirtæki hefur gengið afar vel en 7% sölusamdráttur varð á síðasta ári eftir afar góð ár þar á undan.

Starfsmannafjöldi Swan Net USA var 34 sem er óbreyttur fjöldi frá árinu áður.



Hampidjan Australia í Brisbane í Ástralíu

Fyrirtækið var stofnað í byrjun 2015 og síðla það haust var fyrirtækið komið í fullan rekstur. Eignarhlutur Hampidjunnar er 80%. Á árinu 2017 jókst salan um 27% en hafði árið áður þrefaldast frá stofnárinu. Þessi söluaukning ásamt hagræðingaradgerðum seinni hluta 2016 skiladi jákvæðri EBITDA upp á 5,5%. Þrátt fyrir þetta þá varð samt lítilsháttar tap því gengi ástralska dollarans veiktist á árinu um 8% gagnart USD og það leiddi af sér töluvert gengis- tap. Ef ekki hefði komið til þessara gegisbreytinga hefði hagnaðurinn verið vel viðunandi.

Starfsmenn í árslok voru 5 og fækkaði um eitt ársverk á árinu. Starfsmenn eru flestir tengdir



Sölustjóri Hampidjunnar í Hollandi Rob Arends á sýngarbás Hampidjunnar á OTC í Houston 2017.

sölustörfum því enda framleiðir fyrirtækið engar vörur að undanskildu því að splæsa kaðla í umbeðnum lengdum fyrir viðskiptavinum. Töluvert er svo framleitt af minni trollum í Litháen fyrir ástralska markaðinn sem samanstendur mest af minni bátum.

Hampidjan New Zealand í Nelson á Nýja Sjálandi

Félagið er dótturfélag Hampidjunnar og er alfarið í eigu þess. Það er söluaðili á vörum Hampidjunnar á Nýja Sjálandi og samhliða starfsstöð í Nelson rekur það netaverkstæði í Timaru sem sér um veiðarfæraþjónustu, m.a. fyrir Sanford Seafood, eitt af þremur stóru sjávarútvegsfélögum á Nýja Sjálandi.

Salan jókst umtalsvert á milli ára eða um 18% og hagnaðurinn þrefaldaðist frá árinu á undan. Unnin ársverk voru 14 talsins og fjölgaði ársverkum um eitt á milli ára.



Hampidjan Canada í Spaniards Bay á Nýfundnalandi.

Félagið er 100% dótturfélag Hampidjunnar. Það er staðsett rétt utan við St. Johns á Nýfundnalandi. Meginstarfsemi þess er uppsetning og þjónusta við veiðarfæri minni rækjubáta ásamt sölu á ofurtógi og öðrum vörum Hampidjunnar.

Salan var sú sama og árið á undan sem var gott ár en hagnaður var þó hlutfallslega hærri vegna lægri launakostnaðar. Unnin ársverk voru 9 sem er það sama og árið á undan.



STARFSEMIN



Venus við loðnuveiðar.



Von samstæðan í Færeyjum.

P/f Von er eins og áður sagði móðurfélag þriggja félaga, Vónin í Færeyjum, Vónin Refa í Noregi og Vónin Lithuania. Enginn rekstur er í móðurfélaginu og er það því eingöngu eignarhaldsfélag.

Vónin hefur um árabíl stundað framleiðslu og þróun á veiðarfærum og fiskeldisbúnaði fyrir færeyska markaðinn og starfrækir nú þrjár starfsstöðvar í Færeyjum; Þórshöfn, Norðskála og Fuglafirði. Á árinu var hafist handa við byggingu nýrra höfuðstöðva Vonarinnar í Fuglafirði en þar verða aðalskrifstofurnar

ásamt nýju netaverkstæði fyrir flottroll og lager. Stefnt er að því að byggingin verði tilbúin í sumarbyrjun 2018.

Vónin á grænlenka fyrirtækið Qualut Vónin sem rekur síðan fjögur netaverkstæði á Grænlandi; í Nuuk, Sisimiut, Aasiaat og Ilulissat.

Vónin á einnig kanadíska fyrirtækið, Vónin Canada, sem starfrækir netaverkstæði í Port-de-Grave á Nýfundnalandi. Stutt þar frá, í Spaniards Bay, er netaverkstæði Hampidjunnar, Hampidjan Canada.

Á Íslandi er Vónin Ísland sem sinnir aðallega grænlenkum skipum sem sækja vörur og þjónustu til Íslands.

Vónin Refa er norskt félag sem rekur fjórar starfsstöðvar; í Tromsø, Finnsnes, Svolveer og Alta. Meginframleiðsla Vónin Refa er tengd fiskeldi en veiðarfæraframleiðsla er einnig töluverður hluti af starfseminni.

Vónin Lithuania er netaverkstæði í Siauliai í Litháen og þar fer fram framleiðsla á fiskeldiskvíum og trollhlutum fyrir fyrirtæki í Hampidjúsamstæðunni. Við kaupin á Von var netaverkstæðið 4.000 m² en á árinu var það stækkað um 6.000 m² og er því nú 10.000 m² og afskaplega vel tækjum búið. Þetta er væntanlega stærsta netaverkstæði Evrópu og þótt víðar væri leitað. Stækkunin var vígð í byrjun september og eins og áður sagði þá voru netaverkstæði Hampidjunnar og Vónarinnar sameinuð í kjölfarið. Starfsmenn eru nú um 130 talsins.

Rekstur Von gekk vel á síðasta ári en rekstrartekjur minnkuðu þó aðeins á milli ára um 4% sem kemur aðallega til vegna minni sölu til fiskeldisins Færeyjum og á Íslandi. EBITDA hækkaði hins vegar á milli ára úr 6,9 m€ í 7,7 m€. Ársverkin voru 306 talsins en 316 árið áður.



Stækkað netaverkstæði Hampiðjunnar tekið í notkun í Vestmannaeyjum á árinu.

Voot Beita

Í byrjun júlí var gengið frá kaupum á 68% hlut í Voot Beitu ehf. en það fyrirtæki er öflugt íslenskt fyrirtæki á sviði beitu-sölu ásamt línuveiðiútbúnaði og sjóvinnufötum. Með kaupunum eykst vöruframboð Hampiðju-samstæðunnar og hægt verður að auka þjónustu við viðskipta-menn bæði innanlands og erlendis. Einn helsti vaxtarbroddur Voot Beitu eru sjóvinnuföt sem seld eru undir vörumerkinu MarWear og með dreifileiðum Hampiðjunnar um allan heim er hægt að styðja við markaðssetningu þeirra og auka sölu.

Höfuðstöðvar Voot Beitu eru nú í byggingu Hampiðjunnar við Skarfabakka og lager fyrirtækisins, að undanskildri beitunni sem er geymd í frystiklefum víða um land, er í lagerhúsnæði Hampiðjunnar og vörur afgreiddar þaðan.

Starfsmenn Voot Beitu eru nú 5 talsins.

Eignarhlutir í HB Granda og Thyborøn Skibssmedie

Hampiðjan átti 6,69% eignarhluta í HB Granda í byrjun ársins 2017 og sá eignarhluti var

seldur á árinu til að fjármagna kaupin á P/f Von. Á árinu voru því seldir 121,4 milljón hlutir að nafnvirði fyrir 31,3 milljónir evra. Söluandvirðið var nýtt til að greiða niður lán sem tekið var til kaupanna.

Einnig var seldur 7% hlutur í Thyborøn Skipssmedie á árinu en það fyrirtæki framleiðir og selur hina vel þekktu Thyborøn toghlera. Hampiðjan hefur verið sölu- og umboðsaðili fyrir þessa hlera á Íslandi, Nýfundnalandi, Írlandi og Nýja Sjálandi og er það fyrirkomulag óbreytt.

Samtals var heildarverð þessara tveggja eigna 32,7 milljónir evra og söluhagnaður miðað við bókfært verð 16,0 milljónir evra.

Hlutdeildarfélagið Sílnet

Hampiðjan keypti haustið 2014 ásamt útgerðafélaginu Varðin í Syðri Götu í Færeyjum 90% hlut í netaverkstæðinu Sílnet í Klaksvík á Borðey og skiptist hluturinn jafnt í tvo 45% hluti. Samhliða kaupunum þá var hlutfélagins aukið umtalið til að gera því kleift að kaupa hentuga byggingu og þann tækjabúnað sem þarf á netaverkstæðið til að sinna viðhaldi á flottrollum og nótum.

Sílnet var stofnað fyrir rúmum 13 árum og var netaverkstæðið lengst af starfrækt í Götu en er nú flutt í stóra og myndarlega 1.900 m² og 85 metra langa byggingu við höfnina í Klaksvík þar sem er hægt að þjónusta og setja upp botntroll, flottroll og nætur.

Hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins var 65 þús. €.

HLUTHAFAMÁL

Alls voru 29 viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar á First North hlutabréfamarkaðnum á árinu 2017 og þau námu 9,4 milljónum króna að nafnvirði og veltan var 341 milljónir. Vegið meðaltal viðskiptanna var 36,17 á árinu. Gengi nafnverðs í viðskiptum á árinu hækkaði úr 34,0 í árslok 2016 í 39,0 í árslok 2017.

Að teknu tilliti til útgreidds arðs og verðbólgu á sl. ári var raunávöxtun hlutabréfa Hampiðjunnar á árinu jákvæð um 28,1%.

Fjöldi hluthafa í lok ársins voru 231 og fækkaði þeim því eilítið úr 235 hluthöfum í ársbyrjun.

ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2017

LAGÐUR FRAM Á AÐALFUNDI 18. APRÍL 2018

FYRIR STARFSÁRIÐ

1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2017

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Dótturfélögin, sem öll eru hlutafélög, eru Hampidjan New Zealand á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry á Írlandi, Cosmos Trawl í Danmörku, Von í Færeyjum, Hampidjan Canada í Kanada, Hampidjan Baltic í Litháen, Otter Ultra Low Drag á Cayman, Hampidjan Australia í Ástralíu, Fjarðanet á Íslandi og Voot Beita ehf á Íslandi.

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. (félagið) og dótturfélaga þess (samstæðan).

Rekstur og fjárhagsleg staða 2017

Um mitt árið gekk Hampiðjan frá kaupum á 68% hlut í Voot Beitu ehf. Voot Beita er leiðandi fyrirtæki í sölu á beitu, línunum og öðrum vörum til línuútgæðar ásamt því að vera með stóra markaðshlutdeild í sölu á sjóvinnufatnaði ásamt fatnaði fyrir landvinnslu. Kaupin styrkja þjónustunet Hampiðjunnar á Íslandi umtalsvert og einnig nýtast öðrum dótturfélögum Hampiðjunnar erlendis í gegnum aukíð vöruframboð.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 126,9 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 117,1 milljónir evra. Unninn ársverk hjá samstæðunni voru 967, en voru 911 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 35,3 milljónum evra, þar af voru 5,4 milljónir evra launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 24,8 milljónir evra en árið áður var hagnaður 14,3 milljónir evra. Heildareignir samstæðunnar voru 187 milljón evrur í árslok og eigið fé var 102,3 milljónir evra en af þeirri upphæð eru 11,3 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaganna, Von í Færeyjum, Swan Net Gundry á Írlandi og Fjarðaneta á Íslandi, Voot Beitu á Íslandi, Hampiðjunni Ástralíu, dótturfélaga Von í Færeyjum, dótturfélags Cosmos Trawl í Danmörku og dótturfélags Hampidjan USA í Bandaríkjunum. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 55% í árslok.

Á árinu var lokið við sölu á hlutabréfaeign samstæðunnar í HB Granda hf. Hagnaður vegna sölunnar á árinu nam 14,9 milljónum evra samanbórið við 4,3 milljónir evra árið áður.

Vegna rekstrarársins 2017 leggur stjórn félagsins til að á árinu 2018 verði greiddur 0,75 kr. arður af hverjum hlut útstandandi hlutafjár til hluthafa að upphæð kr. 365 milljónir. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Hlutafé og samþykktir

Útgefið hlutafé félagsins er kr. 500 milljónir í lok ársins, en félagið á eigin hluti að upphæð kr. 13,4 milljónir. Hlutaféð er í einum flokki sem er skráð á First North, hliðarmarkað Nasdaq OMX Nordic Exchange. Fjöldi hluthafa í félaginu var 231 í árslok, en í byrjun ársins var fjöldi hluthafa 235. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Hluthafi	31.12.2017		31.12.2016	
	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%
Vogun hf	188.031	38,64%	188.031	38,64%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	47.842	9,83%	47.842	9,83%
Kristján Loftsson	29.739	6,11%		
Birna Loftsdóttir	28.201	5,80%		
Sigríður Vilhjálmsdóttir	18.260	3,75%		
Festa - lífeyrissjóður	17.376	3,57%	15.376	3,16%
Ingibjörg Björnsdóttir	17.274	3,55%	17.274	3,55%
Hlér ehf	14.850	3,05%	14.850	3,05%
Lífsværk lífeyrissjóður	14.603	3,00%	14.603	3,00%
Birta lífeyrissjóður	13.789	2,83%		
Fiskveiðahlutafélagið Venus hf			72.929	14,99%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn			20.289	4,17%
Sigurgeir B. Guðmannsson			12.750	2,62%
Súsanna Sigurðardóttir			7.850	1,61%
Aðrir hluthafar	389.965	80,13%	411.794	84,62%
Útistandandi hlutafé	96.628	19,87%	74.799	15,38%
Eigin hlutir	13.407		13.407	
Útgefið hlutafé	500.000		500.000	

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 17. mars 2017 var stjórn félagsins heimilað að kaupa eigin hluti í félaginu þó þannig að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.

Stjórnunarhættir

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er þrjú karlmenn (60%) og tveir kvenmenn (40%).

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 22. mars 2018

Vilhjálmur Vilhjálmsson
stjórnarformaður

Kristján Loftsson
Guðmundur Ásgeirsson

Auður Kristín Árnadóttir
Sigrún Þorleifsdóttir

Hjörtur Erlendsson
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Hampiðjunnar hf. á árinu 2017, efnahag 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings samstæðunnar.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings samstæðunnar

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningssskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og forstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 22. mars 2018

PricewaterhouseCoopers ehf

Kristinn Freyr Kristinsson

REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU

	Skýringar	2017	2016
Sala		126.931	117.087
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(89.936)</u>	<u>(83.741)</u>
Framlegð		36.995	33.346
Rekstrarkostnaður	7	<u>(24.115)</u>	<u>(22.067)</u>
Rekstrarhagnaður		12.880	11.279
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	(2.258)	300
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага	13	141	110
Innleystur söluhagnaður vegna fjárfestingareigna	14	<u>16.027</u>	<u>4.320</u>
		13.910	4.730
Hagnaður fyrir skatta		26.790	16.009
Tekjuskattur	9	<u>(1.964)</u>	<u>(1.725)</u>
Hagnaður ársins		<u>24.826</u>	<u>14.284</u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		23.782	13.270
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>1.044</u>	<u>1.014</u>
		<u>24.826</u>	<u>14.284</u>
EBITDA		16.463	14.729
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	10	5,10	2,94

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

		2017	2016
Hagnaður ársins		24.826	14.284
Rekstrarliðir færðir á eigið fé			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga		(1.486)	729
Matsbreyting fjárfestingareigna	14	(10.039)	10.039
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarféлага		<u>(2)</u>	<u>3</u>
Heildarafkoma ársins		<u>13.299</u>	<u>25.055</u>
Skipting heildarafkomu			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		12.663	23.850
Hluti minnihluta		<u>636</u>	<u>1.205</u>
Heildarafkoma ársins		<u>13.299</u>	<u>25.055</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU

Eignir	Skýringar	2017	2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	64.260	58.250
Óefnislegar eignir	12	38.383	36.139
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	13	863	756
Fjárfestingareignir	14	498	27.123
Tekjuskattsinnæign	19	123	524
		<u>104.127</u>	<u>122.792</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	15	47.969	42.068
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	21.824	21.814
Handbært fé	17	13.023	7.714
		<u>82.816</u>	<u>71.596</u>
Eignir samtals		<u>186.943</u>	<u>194.388</u>
Eigið fé			
Hlutfé og yfirverðsreikningur		5.531	5.531
Aðrir varasjóðir	24	(234)	846
Matsbreyting fjárfestingareigna		0	10.039
Annað bundið eigið fé		12.295	6.220
Óráðstafað eigið fé		73.390	60.102
		<u>90.982</u>	<u>82.738</u>
Hlutdeild minnihluta		11.272	10.824
Eigið fé samtals		<u>102.254</u>	<u>93.562</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	18	53.808	63.162
Tekjuskattsskuldbinding	19	3.931	4.342
		<u>57.739</u>	<u>67.504</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	16.682	15.131
Skuldir við lánastofnanir	18	10.268	18.191
		<u>26.950</u>	<u>33.322</u>
Skuldir samtals		84.689	100.826
Eigið fé og skuldir samtals		<u>186.943</u>	<u>194.388</u>

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ SAMSTÆÐU

	Hlutfé og yfir- verðsreikn.	Aðrir vara- sjóðir	Matsbr. fjárf. eigna	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlutt. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2016	5.531	305	0	0	55.975	8.606	70.417
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma 2016 eftir skatta		541	10.039	0	13.270	1.205	25.055
Minnihluti, breyting						1.013	1.013
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. móttækinn arð				6.220	(6.220)		0
	0	541	10.039	6.220	7.050	2.218	26.068
<i>Eigendur:</i>							
Greiddur arður til hluthafa	0	0	0	0	(2.923)	0	(2.923)
	0	0	0	0	(2.923)	0	(2.923)
Staða 31. desember 2016 / 1. janúar 2017	5.531	846	10.039	6.220	60.102	10.824	93.562
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma 2017 eftir skatta		(1.080)	(10.039)	0	23.782	636	13.299
Minnihluti, breyting						(188)	(188)
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. móttækinn arð				6.075	(6.075)		0
	0	(1.080)	(10.039)	6.075	17.707	448	13.111
<i>Eigendur:</i>							
Greiddur arður til hluthafa	0	0	0	0	(4.419)	0	(4.419)
	0	0	0	0	(4.419)	0	(4.419)
Staða 31. desember 2017	<u>5.531</u>	<u>(234)</u>	<u>0</u>	<u>12.295</u>	<u>73.390</u>	<u>11.272</u>	<u>102.254</u>

Innborgað hlutfé er samtals 5.531 þúsund evrur og greinist þannig að innborgað nafnverð er 5.474 þúsund evrur og innborgað yfirverð er 57 þúsund evrur.

Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarfélagum umfram því sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Frekari sundurliðun á öðrum varasjóðum er í skýringu 24

SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐU

	Skýringar	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		12.880	11.279
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		3.583	3.450
EBITDA		<u>16.463</u>	<u>14.729</u>
Sölutap (-hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna		(53)	(32)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		1.776	(2.685)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>18.186</u>	<u>12.012</u>
Innborgaðir vextir.....		487	688
Innborgaður arður.....		660	2.070
Greiddir vextir.....		(2.757)	(2.505)
Greiddir skattar.....		(2.144)	(1.909)
Handbært fé frá rekstri		<u>14.432</u>	<u>10.356</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(7.862)	(8.996)
Kaup óefnislegra eigna		(36)	(288)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádrögnum handbæru fé		(2.743)	(42.946)
Fjárfesting í öðrum félögum		(11)	(364)
Sala eignarhluta	14	<u>32.664</u>	<u>9.563</u>
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		<u>22.012</u>	<u>(43.031)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(8.199)	953
Tekin ný langtímalán		663	39.732
Afborganir langtímalána		(18.551)	(3.210)
Arður greiddur til hluthafa		<u>(4.419)</u>	<u>(2.923)</u>
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		<u>(30.506)</u>	<u>34.552</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		5.938	1.877
Handbært fé í byrjun árs.....	17	7.714	5.401
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		(629)	436
Handbært fé í lok ársins	17	<u><u>13.023</u></u>	<u><u>7.714</u></u>

SKÝRINGAR

SKÝRINGAR

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi að Skarfagörðum 4, Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Nasdaq OMX Nordic Exchange.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 22. mars 2018.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknaðar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Nánar er greint frá þeim aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

a) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkunir sem tóku gildi 1. janúar 2017 og hafa áhrif á ársreikninginn*

Engir nýir IFRS reikningsskilastaðlar sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar tóku gildi í byrjun árs 2017. Á árinu tóku gildi breytingar á nokkrum stöðlum, sem hafa lítil eða engin áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

b) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkunir sem hafa verið útgefnir en hafa ekki tekið gildi.*

Eftirfarandi nýir staðlar hafa verið útgefnir en hafa ekki tekið gildi:

Staðall/túlkun	Innihald	Gildistökuári
IFRS 9	Fjármálagerningar	1. janúar 2018
IFRS 15	Tekjur af samningum við viðskiptavinum	1. janúar 2018
IFRS 16	Leigusamningar	1. janúar 2019

IFRS 9 Fjármálagerningar

IFRS 9 Fjármálagerningar tilgreinir hvernig flokkun, mati og afskráningu fjáreigna og fjárskulda skuli vera háttáð auk þess að setja nýjar reglur um áhættuvarnarreikningsskil og setja fram nýtt líkan fyrir virðisrýrnun fjáreigna.

Samstæðan hefur yfirfarið fjáreignir og fjárskuldir sínar og býst við að eftirfarandi áhrifum af innleiðingu staðalsins þann 1. janúar 2018:

Áhrif nýja staðalsins á flokkun og mat fjáreigna og fjárskulda hjá samstæðunni verða engin, þar sem svo til allar fjáreignir og fjárskuldir eru venjulegar kröfur og skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði. Samstæðan á einnig hlutabréf sem áfram verða flokkuð og metin á gangvirði með breytingum í gegn um rekstrarreikning.

Áhrif nýja staðalsins á niðurfærslu viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna eru talin verða óveruleg, niðurfærslan byggist fyrst og fremst á sértæku mati á einstökum kröfum en ekki á safnmati og samstæðan telur að nýjar aðferðir staðalsins um áætlað útlánatap muni ekki breyta matinu.

Staðalinn verður að innleiða á fjárhagsári sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar og mun samstæðan beita nýja staðlinum afturvirkir frá 1. janúar 2018 eftir því sem við á með þeim aðferðum sem heimilaðar eru samkvæmt staðlinum til einföldunar.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum

Staðallinn IFRS 15 um tekjur af samningum við viðskiptavinum er nýr staðall um tekjur sem byggist á þeirri grundvallarreglu að tekjur séu færðar þegar yfirráð yfir vöru eða þjónustu flyt til viðskiptavina.

Tekjur samstæðunnar eru vegna sölu á vörum til viðskiptavina, þar sem salan er skráð þegar viðskiptavinur hefur öðlast ávinning og ábyrgð á vörunni. Ný regla um yfirráð mun ekki breyta því hvenær tekjur verða færðar hjá samstæðunni.

Skylda er að innleiða staðallinn á reikningsári sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar og mun samstæðan innleiða staðallinn frá þeim tíma.

IFRS 16 Leigusamningar

IFRS 16 Leigusamningar var gefin út í janúar 2016. Í staðlinum er aðgreiningin á milli rekstrar- og fjármögnunarleigusamninga fjarlægð, en það mun leiða til þess að nær allir leigusamningar verða færðar í efnahagsreikning, sem eign (Leigueignir til afnota) og á móti sem fjárskuld vegna leigugreiðslna. Eina undantekningin er leiga til skamms tíma og leiga undir tilgreindri óverulegri fjárhæð. Samstæðan hefur metið að þessi nýi staðall muni hafa óveruleg áhrif þar sem leigusamningar eru fáir.

b) Innleiðing staðla fyrir gildistöktíma þeirra.

Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistöktíma þeirra á árinu 2017.

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefina eiginfjárgæringa og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og áætlaður óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu en aðrir rekstrarstarfspættir samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fimm rekstrarþætti.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkomu og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, netaverkstæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-10 ár
Fasteignir	25-67 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	5-20 ár
Hugbúnaður	2-7 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við sölu og bókfærðs verðs seldra eigna á söluþegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir**(a) Viðskiptavild**

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekens dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum einkaleyfum er tengjast framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfin eru færð á kaupverði eða áætluðu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru flokkaðir sem fjárfestingareignir og færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttekið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lán eru flokkuð meðal skammtímaskulda ef þau gjaldfalla innan 12 mánaða annars eru þau flokkuð meðal langtímaskulda.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fjárhagsáætlun framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf ákvörðun um greiðslu að liggja fyrir áður en reikningsskilin eru gefin út.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð. Þjónustutekjur eru hluti af sölutekjum í rekstrarreikningi.

(b) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Fjárhæðir vegna kaup- og rekstrarleigu eru ekki umtalsverðar hjá samstæðunni.

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjárahættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2017 voru engar umtalsverðar ábyrgðir í gildi.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2017 og 2016. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2017	2016
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	21.824	21.814
Handbært fé	13.023	7.714
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	34.847	29.528

b) Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Staða 31. desember 2017

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	Yfir 1 ár		
				1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur	64.076	77.051	12.006	4.018	15.008	46.019
Viðskiptaskuldir	16.682	16.682	16.682	0	0	0
	80.758	93.733	28.688	4.018	15.008	46.019

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna eigna, skulda og viðskipta í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru danskar krónur (DKK), evrur (EUR), norsk króna (NOK), bandarískur dollari (USD) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK, NOK og USD. Samstæðan metur það sem svo að til að hafa áhrif á afkomu samstæðunnar þyrfti verulegar gengissveiflur. Rekstur Hampiðjunnar á Íslandi, bæði tekjur og gjöld, eru að einhverju leiti í íslenskum krónum, en gengisáhrif jafnast að verulegu leiti út. Hjá Hampiðjunni hf. eru það fjárfestingar í dótturfélögum sem skapa gengisáhættu, gengismunur af þeim er færður undir eigið fé, sjá eiginfjáryfirlit.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum. Hækkun á vöxtum á uppgjörstigi um eitt prósentustig hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um 640 þúsund evrur. Árið 2016 hefði lækkunin orðið 810 þúsund evrur. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Samstæðan stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð.

Félagið getur breytt arðgreiðslustefnu, endurgreitt hlutfé, gefið út nýtt hlutfé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárhlutfall (fjárhæðir í þúsundum evra):

	2017	2016
Lántökur, langtíma	53.808	63.162
Lántökur, skammtíma	10.268	18.191
Frádregið: Handbært fé	(13.023)	(7.714)
Skuldir nettó	51.053	73.639
Eigið fé	102.254	93.562
Fjármögnun samtals	153.307	167.201
Eiginfjárhlutfall	54,7%	48,1%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Farið er yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem tengjast reikningshaldslegu mati má meðal annars finna í skýringu 12 um virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar samstæðunnar.

5. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir

Samstæðan skiptist í fimm starfsþætti eftir félögum innan samstæðunnar:

Starfsþáttur 1.

Starfsemi Hampiðjunnar sem er veiðarfæragerð, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampidjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köðlum og ofurtógi. Starfsemi Otter sem er eignarhald á einkaleyfum.

Starfsþáttur 2.

Starfsemi veiðarfærafélagsins Swan Net Gundry.

Starfsþáttur 3.

Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélaganna Nordsötrawl, Strandby Net og fasteignafélagsins Limet Ejendom.

Starfsþáttur 4.

Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Hampidjan USA og dótturfélagsins Swan net USA, Hampidjan Australia, Fjarðaneta og Voot Beitu.

Starfsþáttur 5.

Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vónin, Vónin Lithuania, Vónin Canada og Vónin Ísland.

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
2017							
Rekstrartekjur	44.178	13.506	16.502	23.960	54.609	(25.824)	126.931
Beinn framl.kostn	(35.276)	(10.046)	(12.485)	(18.813)	(39.140)	25.824	(89.936)
	8.902	3.460	4.017	5.147	15.469		36.995
Rekstrarkostnaður	(7.220)	(2.199)	(2.257)	(3.525)	(8.914)		(24.115)
Rekstrarhagnaður	1.682	1.261	1.760	1.622	6.555		12.880
Sem hlutfall af rekstrartekjum	4%	9%	11%	7%	12%		10%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(1.219)	(15)	(146)	(367)	(511)		(2.258)
Innl. söluhagn. fjárf.eigna	16.027	0	0	0	0		16.027
Hlutdeildarafkoma	65	0	0	0	76		141
Tekjuskattur	53	(147)	(337)	(192)	(1.341)		(1.964)
Hagnaður ársins	16.608	1.099	1.277	1.063	4.779		24.826
Afskriftir fastafjármuna	1.342	313	452	303	1.173		3.583
Kaup/s. fastafjármuna	(3.730)	(1.575)	(601)	(227)	(1.765)		(7.898)
EBITDA	3.022	1.573	2.213	1.926	7.729		16.463

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
2016							
Rekstrartekjur	39.734	12.475	12.948	18.037	56.889	(22.996)	117.087
Beinn framl.kostn	(31.928)	(9.150)	(9.988)	(13.915)	(41.756)	22.996	(83.741)
	7.806	3.325	2.960	4.122	15.133		33.346
Rekstrarkostnaður	(6.118)	(2.136)	(1.475)	(2.911)	(9.427)		(22.067)
Rekstrarhagnaður	1.688	1.189	1.485	1.211	5.706		11.279
Sem hlutfall af rekstrartekjum	4%	10%	11%	7%	10%		10%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	1.340	(26)	(86)	(193)	(735)		300
Innleyst matsbreyting	4.320	0	0	0	0		4.320
Hlutdeildarafkoma	43	0	0	0	67		110
Tekjuskattur	(17)	(139)	(284)	(214)	(1.071)		(1.725)
Hagnaður ársins	7.374	1.024	1.115	804	3.967		14.284
Afskriftir fastafjármuna	1.449	298	266	261	1.175		3.449
Kaup/s. fastafjármuna	(2.572)	(492)	(1.117)	(366)	(4.737)		(9.284)
EBITDA	3.139	1.487	1.751	1.472	6.880		14.729

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
2017							
Fastafjármunir	39.513	9.594	8.817	4.372	53.127	(11.296)	104.127
Veltufjármunir	29.265	8.660	6.861	16.179	27.522	(5.671)	82.816
Langtímaskuldir	48.776	440	4.348	2.941	12.530	(11.296)	57.739
Skammtímaskuldir	5.963	1.973	3.984	6.227	14.474	(5.671)	26.950
2016							
Fastafjármunir	59.771	8.268	6.811	2.721	51.797	(6.576)	122.792
Veltufjármunir	25.204	8.363	5.549	12.713	30.060	(10.293)	71.596
Langtímaskuldir	49.730	494	1.831	421	15.028		67.504
Skammtímaskuldir	22.415	1.380	4.067	5.841	16.488	(16.869)	33.322

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál	2017	2016
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	29.960	27.422
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	5.374	4.546
	<u>35.334</u>	<u>31.968</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	967	911

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi

	2017	2016
Framleiðslukostnaður	23.398	22.024
Annar rekstrarkostnaður	11.936	9.944
	<u>35.334</u>	<u>31.968</u>

7. Rekstrarkostnaður

	2017	2016
Keyptar vörur og þjónusta	10.856	10.943
Laun og launatengd gjöld	11.936	9.944
Afskrifaðar viðskiptakröfur	196	(33)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.127	1.213
	<u>24.115</u>	<u>22.067</u>

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2017	2016
Vaxtatekjur	551	626
Vaxtagjöld	(2.848)	(2.751)
Gengismunur	(621)	355
Fenginn arður	660	2.070
	<u>(2.258)</u>	<u>300</u>

9. Tekjuskattur

	2017	2016
Tekjuskattur til greiðslu	1.805	1.669
Frestaður tekjuskattur (Skýring 19)	159	56
	<u>1.964</u>	<u>1.725</u>

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

Hagnaður fyrir skatta	<u>26.790</u>	<u>16.009</u>
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	5.380	2.252
Óskattskyldar tekjur, söluhagnaður fjárfestingareigna og hagnaður hlutdeildarfélaganna	(3.366)	(22)
Varanlegir mismunir	(50)	(505)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>1.964</u>	<u>1.725</u>

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2017	2016
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	24.826	14.284
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	486.593	486.593
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent)	<u>5,10</u>	<u>2,94</u>

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 13,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á árinu.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2016			
Kostnaðarverð	29.960	21.032	50.992
Uppsafnaðar afskriftir	(4.408)	(11.167)	(15.575)
Bókfært verð	<u>25.552</u>	<u>9.865</u>	<u>35.417</u>
Hreyfingar árið 2016			
Bókfært verð í byrjun árs 2016	25.552	9.865	35.417
Gengismunir	116	57	173
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi	14.839	1.967	16.806
Viðbætur	5.833	3.347	9.180
Selt og aflagt	33	(248)	(215)
Afskriftir	(1.095)	(2.016)	(3.111)
Bókfært verð í lok árs 2016	<u>45.278</u>	<u>12.972</u>	<u>58.250</u>
Staða 1. janúar 2017			
Kostnaðarverð	56.952	30.820	87.772
Uppsafnaðar afskriftir	(11.675)	(17.847)	(29.522)
Bókfært verð	<u>45.277</u>	<u>12.973</u>	<u>58.250</u>
Hreyfingar árið 2017			
Bókfært verð í byrjun árs 2017	45.277	12.973	58.250
Gengismunir	(129)	(335)	(464)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi	0	124	124
Viðbætur	7.838	4.797	12.635
Selt og aflagt	(2.442)	(607)	(3.049)
Afskriftir	(1.417)	(1.819)	(3.236)
Bókfært verð í lok árs 2017	<u>49.127</u>	<u>15.133</u>	<u>64.260</u>
Staða 31. desember 2017			
Kostnaðarverð	61.920	35.544	97.464
Uppsafnaðar afskriftir	(12.793)	(20.411)	(33.204)
Bókfært verð í lok árs 2017	<u>49.127</u>	<u>15.133</u>	<u>64.260</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2017	2016
Framleiðslukostnaður	2.301	2.083
Annar rekstrarkostnaður	935	1.028
	<u>3.236</u>	<u>3.111</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

12. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hug- búnaður	Samtals
Staða 1. janúar 2016				
Kostnaðarverð	4.143	2.890	1.612	8.645
Uppsafnaðar afskriftir	(350)	(2.059)	(1.083)	(3.492)
Bókfært verð	<u>3.793</u>	<u>831</u>	<u>529</u>	<u>5.153</u>
Hreyfingar árið 2016				
Bókfært verð í byrjun árs 2016	3.793	831	529	5.153
Gengismunir	42	0	1	43
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi	6.948	0	0	6.948
Viðbætur	24.045	0	288	24.333
Afskriftir	0	(173)	(165)	(338)
Bókfært verð í lok árs 2016	<u>34.828</u>	<u>658</u>	<u>653</u>	<u>36.139</u>
Staða 1. janúar 2017				
Kostnaðarverð	35.179	2.891	1.366	39.436
Uppsafnaðar afskriftir	(351)	(2.233)	(713)	(3.297)
Bókfært verð	<u>34.828</u>	<u>658</u>	<u>653</u>	<u>36.139</u>
Hreyfingar árið 2017				
Bókfært verð í byrjun árs 2017	34.828	658	653	36.139
Gengismunir	(57)	0	0	(57)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi	2.166	0	0	2.166
Viðbætur	264	0	218	482
Afskriftir	0	(167)	(180)	(347)
Bókfært verð í lok árs 2017	<u>37.201</u>	<u>491</u>	<u>691</u>	<u>38.383</u>
Staða 31. desember 2017				
Kostnaðarverð	37.552	2.890	1.581	42.023
Uppsafnaðar afskriftir	(351)	(2.399)	(890)	(3.640)
Bókfært verð í lok árs 2017	<u>37.201</u>	<u>491</u>	<u>691</u>	<u>38.383</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2017	2016
Framleiðslukostnaður	155	152
Annar rekstrarkostnaður	192	186
	<u>347</u>	<u>338</u>

Stærsti hluti hækkunar á viðskiptavild 2,4 milljónir evra á árinu er 2,2 milljónir evrur vegna kaupa á dótturfélaginu Voot Beitu ehf. Þar sem kaupin áttu sér stað á árinu og ekki liggja fyrir vísbendingar um virðisrýmun var ekki framkvæmt virðisrýmunarpróf í árslok vegna kaupanna.

Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýmun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir 2,5% nafnverðsvefni á fjárflæði í eilífðarvefni. Gerð er 8 - 10% vegin nafnverðskrafa á fjárflæði. Um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðspróun. Áfvöxtunarstuðlarnir endurspeglu sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfspáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddu ekki til virðisrýmunartaps á árunum 2017 og 2016.

13. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum

Hampiðjan á 45% hlut í hlutdeildarfélaginu Sp/f Sílnet í Færeyjum. Jafnframt á dótturfélagið P/F Von 44% eignarhlut í P/F Trolverkstaðið Bergið.

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
Sp/f Sílnet	45,00%	65	623
P/F Trolverkstaðið Bergið	44,40%	76	240
		<u>141</u>	<u>863</u>

14. Fjárfestingareignir

Á árinu seldi Hampiðjan alla sína 121,4 milljón hluti í HB Granda hf. fyrir 31,3 milljónir evra. Jafnframt var hlutabréfaeign félagsins í Thyboron Skibssmedie A/S seld á árinu fyrir 1,3 milljónir evra. Heildarsöluverð fjárfestingareigna nam á árinu 32,7 milljónum evra.

Eignarhluti í HB Granda hf. greinist þannig á árinu:

	Eignarhluti	Hlutir	Bókfært verð
Hlutabréfaeign í byrjun árs færð sem fjárfestingareign	6,69%	121.394	26.494
Söluverð eignarhluta á árinu	6,69%	(121.394)	(31.319)
			<u>4.825</u>
			<u>10.039</u>
			<u>14.864</u>

Eignarhluti í Thyboron Skibssmedie A/S greinist þannig á árinu:

Hlutabréfaeign í Thyboron í byrjun árs			182
Söluverð eignarhluta á árinu			(1.345)
			<u>1.163</u>
			<u>32.664</u>
			<u>16.027</u>

Fjárfestingareignir greinast þannig:

	2017	2016
HB Grandi hf	0	26.494
Síldarvinnslan hf	175	175
Thyboron Skibssmedie A/S	0	182
Önnur félög	323	272
	<u>498</u>	<u>27.123</u>

15. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2017	2016
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	42.361	37.253
Vörur í vinnslu	1.984	1.944
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	3.624	2.871
	<u>47.969</u>	<u>42.068</u>

Birgðir eru færðar niður vegna aldurs um 1,1 milljón evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar. Árið áður voru birgðir færðar niður um 1 milljón evrur.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

16. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2017	2016
Viðskiptakröfur	20.961	20.952
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(620)	(570)
Viðskiptakröfur nettó í lok árs	<u>20.341</u>	<u>20.382</u>
Skuldabréf og aðrar kröfur	1.483	1.432
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í lok árs	<u>21.824</u>	<u>21.814</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 620 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2017	2016
Niðurfærsla í byrjun árs	570	554
Niðurfærsla viðskiptakrafna frá keyptu dótturfélagi	0	142
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(146)	(93)
Breyting niðurfærslu á árinu	196	(33)
	<u>620</u>	<u>570</u>

17. Handbært fé

	2017	2016
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	13.023	7.714
	<u>13.023</u>	<u>7.714</u>

18. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:	Hlutfall	2017 Staða
ISK	0,1%	67
EUR	77,8%	43.979
USD	0,0%	27
AUS	0,0%	25
DKK	13,0%	7.359
NOK	9,0%	5.060
	<u>100%</u>	<u>56.517</u>

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í lok ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	2.709
Árið 2019	2.363
Árið 2020	2.928
Árið 2021	3.083
Síðar	45.434
	<u>56.517</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Langtímaskuldir:

Vaxtaberandi langtímaskuldir	56.517
Næsta árs afborganir	(2.709)
	<u>53.808</u>

Skammtímaskuldir:

Næsta árs afborganir langtímaskulda	2.709
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	7.559
	<u>10.268</u>

19. Frestaður tekjuskattur

Frestuð tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:	2017	2016
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	3.818	2.623
Tekjuskattsskuldbinding frá keyptu dótturfélagi	57	1.097
Tekjuskattur á árinu	1.964	1.725
Tekjuskattur til greiðslu	(1.805)	(1.669)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(226)	42
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>3.808</u>	<u>3.818</u>

Frestuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	2017	2016
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.197	4.168
Aðrir efnahagsliðir	(42)	174
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(224)	0
	<u>3.931</u>	<u>4.342</u>

Frestuð tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:	2017	2016
Aðrir efnahagsliðir	2	(144)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(125)	(380)
	<u>(123)</u>	<u>(524)</u>
	<u>3.808</u>	<u>3.818</u>

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2017	2016
Viðskiptaskuldir	14.070	12.838
Aðrar skammtímaskuldir	2.612	2.293
	<u>16.682</u>	<u>15.131</u>

21. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, hluthafar með veruleg áhrif, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðufélaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings

Viðskipti við hluthafa:

Hluthafi með veruleg áhrif í árslok er Vogun hf. Hampiðjan hf. átti í viðskiptum á árinu við HB Granda hf. en Vogun hf. er stór hluthafi í HB Granda hf. Heildarfjárhæð viðskiptanna á árinu nam 3.252 þús. evrur (2016: 3.431 þús. evrur) og krafa Hampiðjunnar í árslok nam 412 þús. evrum (2016: 277 þús. evrur). Viðskipti samstæðunnar við hluthafa voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórnendur:

Laun og hlunnindi til 18 stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félag í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Forstjóri, greidd föst laun og hlunnindi.....	311	
Sautján framkvæmdastjórnar: Greidd föst laun og hlunnindi.....	1.774	
Greiddir árangurstengdir bónusar til stjórnenda.....	401	
Samtals	<u>2.486</u>	
Greidd stjórnarlaun og hlutfjáreign stjórnarmanna Hampiðjunnar hf.....	102	29.890

*Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

22. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 33,6 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 87,5 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti framleiðsluvéla og -tækja, hug- og skrifstofubúnaðar og vörubirgða nemur 103 milljónum evra.

23. Árshelmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	júlí - des. 2017	jan.-jún. 2017	júlí - des. 2016	jan.-jún. 2016	júlí - des. 2015	jan.-jún. 2015
Rekstrartekjur	63.086	63.845	57.596	59.491	29.282	29.645
Rekstrargjöld án afskrifta	(56.089)	(54.379)	(51.316)	(51.042)	(24.704)	(24.904)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	6.997	9.466	6.280	8.449	4.578	4.741
Afskriftir	(1.807)	(1.777)	(1.700)	(1.750)	(1.101)	(1.028)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	5.190	7.689	4.580	6.699	3.477	3.713
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7.260	6.650	(956)	5.686	1.728	1.862
Hagnaður fyrir skatta	12.450	14.339	3.624	12.385	5.205	5.575
Tekjuskattur	(1.240)	(724)	(482)	(1.243)	(628)	(221)
Hagnaður árshelminga	11.210	13.615	3.142	11.142	4.577	5.354

Fjárhæðir í árshelmingayfirlitum eru óendurskoðaðar

24. Aðrir varasjóðir

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Samtals
Staða 1. janúar 2016	1.384	(1.079)	305
Þýðingarmunur ársins		541	541
Staða 31. desember 2016	1.384	(538)	846
Staða 1. janúar 2017	1.384	(538)	846
Þýðingarmunur ársins		(1.080)	(1.080)
Staða 31. desember 2017	1.384	(1.618)	(234)

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi aðrs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

25. Kaup á Voot Beitu ehf.

Í byrjun júlí 2017 keypti Hampiðjan hf. 68% eignarhlut í Voot Beitu ehf. sem er öflugt íslenskt fyrirtæki á sviði beitusólu ásamt línuveiðum og sjófatnaði. Gengið var frá greiðslu þann 20.11.2017. Í lok ársins fer Hampiðjan því með 68% af hlutafé í félaginu. Tilgangur kaupana er að auka við vöruframboð Hampiðjusamstæðunnar og auka þjónustu við viðskiptamenn bæði innanlands og erlendis.

Eftirfarandi tafla sýnir kaupverð Hampiðjunnar hf. á rekstri Voot Beitu ehf. og gangvirði þeirra eigna og skulda sem voru keyptar:

Kaupverð

68% eignarhlutur Hampiðjunnar hf. greiddur með peningum 2.343

Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði

	Gangvirði
Varanlegir rekstrarfjármunir	124
Vörubirgðir	2.133
Viðskiptakröfur	1.122
Handbært fé	113
Aðrir veltufjármunir	19
Skammtímaskuldir	(3.190)
Langtímaskuldir	(61)
Nettó eignir keyptar	260
Hlutdeild minnihluta	(83)
Viðskiptavild, mismunur á kaupverði og gangvirði eigna og skulda	2.166
Eignir keyptar	2.343

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 30.06.2017. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaganna tveggja.

Í samstæðureikninginn koma á árinu sölutekjur frá Voot Beitu ehf að fjárhæð 4,9 milljónir evra og hagnaður að fjárhæð 236 þúsund evra. Upplýsingar um efnahag og rekstur Voot Beitu ehf. eru í skýringu nr. 3 um starfsþætti, starfsþáttur 4. Kostnaður sem féll til vegna kaupanna hefur verið gjaldfærður á árinu og er færður meðal rekstrarkostnaðar.

Greiðslur vegna kaupa á Voot Beitu ehf.	2.343
Handbært fé til staðar í fyrirtækinu við kaup	(113)
Nettó greiðslur færðar meðal fjárfestingahreyfinga í sjóðstreymi	2.230

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

26. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Veiðaf. framl.	100%	
Hampidjan Australia	Ástralía	Veiðafærag.	80%	20%
Hampidjan New Zealand LTD	Nýja Sjálandi	Veiðafærag.	100%	
Hampidjan Canada LTD	Kanada	Veiðafærag.	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðafærag.	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðafærag.	65%	35%
OTTER Ultra Low Drag LTD	Cayman Is	Eignarh.f.	100%	
Cosmos Trawl A/S	Danmörku	Veiðafærag.	100%	
Nordsøtrawl, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörku	Veiðafærag.	80%	20%
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörku	Veiðafærag.	80%	20%
Limet Ejendomme A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörku	Fasteignaf.	75%	25%
Swan Net Gundry LTD	Írlandi	Veiðafærag.	56%	44%
Fjarðanet hf.	Íslandi	Veiðafærag.	51%	49%
Voot Beita ehf.	Íslandi	Veiðafærag.	68%	32%
P/F Von	Færeyjar	Eignarh.f.	99%	1%
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veiðafærag.	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veiðafærag.	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veiðafærag.	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Íslandi	Veiðafærag.	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregi	Veiðafærag.	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregi	Veiðafærag.	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veiðafærag.	100%	

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok ársins er 11,3 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,9 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S, Fjarðanetum hf, P/F Von, Hampidjan Australia og Voot Beitu ehf.

Swan Net Gundry Ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 4 um starfsþætti, starfsþáttur 2.

HLUTVERK HAMPIÐJUNNAR HF.

- *Að vera leiðandi í sölu og þjónustu á afburða veiðarferum á mörkuðum sem óska eftir gæðum og hafa efni á þeim.*
- *Að þróa og selja kaðla úr ofurefnum á mörkuðum sem gefa af sér virðisauka vegna vöruþróunar, efnisvals, einkaleyfa eða aðgengis.*
- *Að fjárfesta, með langtíma samstarfsaðilum, í annarri atvinnustarfsemi.*

